



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi

Erindi nr. B 117 1400

komudagur 15 112 1993

Ármúla 6 · 108 Reykjavík · Ísland · ☎ 688118 · Fax 688139

Reykjavík, 15. desember 1993

Nefndadeild skrifstofu Alþingis,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa
Þórshamri, Templarasundi, 150 Reykjavík

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda sendir yður hjálagt umsögn álitsnefndar félagsins
um frumvarp til laga um skattamál, 251. mál.

F. h. stjórnar Félags löggiltra endurskoðenda

Þorsteinn Haraldsson
formaður

**ÁLITSNEFND
FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA**

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda,
Ármúla 6,
108 Reykjavík.

Reykjavík, 10. desember 1993.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar í skattamálum.

Álitsnefnd hefur, að beiðni stjórnar FLE, fjallað um frumvarp til laga um breytingar í skattamálum, lagt fram á 117. löggjafarþingi 1993 og fer umsögn nefndarinnar hér á eftir.

Á vegum Félags löggiltra endurskoðenda hefur starfað sérstök skattanefnd, sem skilaði skýrslu um störf sín í nóvembermánuði sl., en þar er fjallað ítarlega um ýmsa þætti framkvæmdar í skattamálum hér á landi, auk þess sem vakin er athygli á nauðsynlegum breytingum á skattalögum og bent á fjölmarga þætti í því sambandi. Þá er í skýrslunni fjallað um tilurð skattalaga almennt hér á landi og nauðsyn þess að aðdragandi skattalagabreytinga hafi lengri aðdraganda og vandaðri undirbúning og umfjöllun en tíðkast hefur í alltof mörgum tilvikum á undanförunum árum. Vill nefndin vekja sérstaka athygli á skýrslunni og þeim ábendingum sem þar koma fram.

Þeir kaflar frumvarpsins, sem nefndin hefur einkum fjallað um eru I. kafli um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og II. kafli um breyting á lögum um virðisaukaskatt. Umfjöllun nefndarinnar hefur takmarkast fyrst og fremst við skatttæknilega þætti breytinganna og er umsögnin um þá þætti.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

Um 4. gr.

Í b-lið 4. gr. er fjallað um gjafir, en orðalag greinarinnar þarfnast lagfæringa. Hugtakið reglulegar tekjur er notað í reikningshaldi og hefur aðra merkingu en fram kemur í frv. og er í reynd óþarft þar. Nefndin telur að tilvísun í C-lið 7. gr. sé til þess fallin að mismuna atvinnurekstrinum, sem vart getur verið ætlun höfunda frv. Þannig gætu þeir aðilar, sem eingöngu eða að verulegu leyti hafa vaxtatekjur og arð, svo sem eignarhaldsfélög, bankar, sparisjóðir, hlutabréfasjóðir og verðbréfafyrirtæki, ekki dregið frá skattskyldum tekjum framlög til menningarmála og annarra þeirra málaflokka sem um er fjallað í greininni. Væri þetta jafnframt breyting frá þeim ákvæðum sem í gildi hafa verið í þessu efni.

Nefndin leggur til að b-liður 4. gr., sem verður 2. tölul. 31. gr., orðist svo:

Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknanstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Til tekna í þessu sambandi teljast allar tekjur skv. b-lið 7. gr. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

Nefndin vill vekja athygli á því að nokkur óvissa ríkir um heimild atvinnurekstrarins til að draga frá tekjum framlög til stjórn málaflokka eða málagna þeirra, hvort sem er í beinum fjárframlögum eða í formi auglýsinga. Æskilegt er að taka af tvímæli í þessu efni. Ef vilji er til að heimila slíkan frádrátt gætu ákvæði um hann átt heima undir framangreindum tölulið með

þeim takmarkandi hætti sem þar er gert ráð fyrir. Ef slík framlög eru hins vegar ekki frádráttarbær væri eðlilegast að að taka það fram í 52. gr. laganna.

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Nefndin telur að í frv. felist svo víðtækar og tæknilega flóknar breytingar á lögum um virðisaukaskatt að það sé vart forsvaranlegt að ætlast til þess að þær komi til framkvæmda nokkrum dögum eftir að frv. verður hugsanlega að lögum. Með þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir væri stigið stórt skref gegn upphaflegum markmiðum skattsins og kostum hans, svo sem hlutleysi hans og öryggi, skref sem erfitt verður að stíga til baka. Framkvæmd kerfisins verður mun erfiðari, hlutleysi skattsins raskast, eftirlit verður flóknara og kostnaðarsamara og meiri óvissa verður um mörkin milli skattskyldu og skattleysis í nokkrum tilvikum. Er hér að nokkru horfið aftur til galla eldra söluskattkerfisins um leið og þessu mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er unnið óbætanlegt tjón.

Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á einstökum greinum þessa kafla, en vill vekja athygli á eftirfarandi:

Útleiga hótél- og gistisherbergja:

Útleiga hótél- og gistisherbergja hefur verið undanþegin virðisaukaskatti með þeim hætti að slíkur rekstur hefur borið innskatt af aðföngum, en ekki innheimt skatt af sölu. Frv. gerir ráð fyrir því að útleigan verði virðisaukaskattsskyld og þar með verður innskattur frádráttarbær frá útskatti. Við þessa breytingu verða mjög snögg umskipti á aðstöðu þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni. Þannig sitja þau fyrirtæki, sem fjárfest hafa í gístaðstöðu á allra síðustu árum, uppi með innskatt af fjárfestingunni og verða þar af leiðandi með mun dýrari fjárfestingu að öðru jöfnu, en þeir aðilar sem eftir breytinguna leggja í sams konar fjárfestingu.

Nefndin telur æskilegt að í lögum verði sett mýkjandi ákvæði til að draga úr þeirri mismunun, sem verður milli þessara aðila, því oft er um mjög kostnaðarsama fjárfestingu að ræða til langs tíma, þar sem virðisaukaskatturinn hefur afgerandi áhrif.

Fjárframlög og önnur rekstraraðstoð opinberra aðila:

Í 16. gr. frv. er kveðið á um það að fjárframlög og önnur rekstraraðstoð, sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum til að greiða niður skattskylda þjónustu teljist til skattskyldrar veitu. Í athugasemdum er sagt að ákvæðið sé sett sérstaklega til að áréttu skattskyldu opinberra aðila sem styrkja þjónustufyrirtæki í fólksflutningum.

Hér þarf að kveða mun nánar á um opinber fjárframlög, en ákvæðið gæti haft mun víðtækari þýðingu, en látið er í veðri vaka í athugasemdum frv. Hvað t.d. um niðurgreiðslu vegna húshitunar og ýmsa innri þjónustu sveitarfélaga og annarra opinberra aðila?

Ferðaþjónusta:

Í 1. mgr. 18. gr. frv. er fjallað um milligöngu ferðaþjónustu með þeim hætti að telja verður illfrankvæmanlegt. Nefndinni er kunugt um að fulltrúar ferðaskrifstofa og flugfélaga hafa átt viðræður við endurskoðendur sína og ríkisskattstjóraembættið um hugsanlega framkvæmd þessara hugmynda án þess að menn hafi séð lausnir á öllum þeim vandamálum sem upp koma í þessu sambandi. Á það skal bent að ferðaskrifstofur, hótél og flugfélög eru tengd fjölþjóðlegum sölukerfum og fer sala ferðaþjónustu ýmist fram hér á landi eða erlendis vegna ferða til eða frá Íslandi. Talið er útilokað að tilgreina hina ýmsu þætti þjónustunnar eftir mismunandi gjaldstigum þegar selt er í einu lagi, auk þess sem þau sölugögn sem notuð eru í hinum fjölþjóðlegu samskiptum í þessari grein falla ekki að reglum um virðisaukaskatt. Mun lengri tíma þarf til undirbúnings og skilgreiningar á þeim breytingum, sem hér er fjallað um, en nokkra daga. Hvað þýðir t.d. milliganga um ferðaþjónustu? Huga þarf að breytingum á flóknum tölvukerfum, samskiptum við söluaðila víða um heim, sem koma til með að þurfa að skila virðisaukaskatti á Íslandi o.fl. o.fl.

Nefndin sér ekki betur en fyrirhugaðar breytingar geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnugreinina í heild, fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum, auk þess sem þær munu valda gífurlegum kostnaði.

Í 2. mgr. er fjallað um sölu á matvörum og sölu veitingahúsa á tilreiddum mat, en þar virðast gengin að nokkru aftur gömul ákvæði söluskattslaga, sem þóttu verulegur galli á þeirri löggjöf. Í 28. gr. eru síðan endurgreiðsluákvæði sem ætlað er að draga úr mismunun milli veitingahúsa og matvöruverslana sem selja tilbúinn mat með misháum virðisaukaskatti.

Að lokum leyfir nefndin sér að ítreka ábendingar sínar um nauðsyn á mun ítarlegri lagfæringum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með vísun til áður nefndrar skýrslu skattanefndar FLE, jafnframt því sem varað er við þeim grundvallarbreytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir á lögum um virðisaukaskatt.

Virðingarfyllt,

ÁLITSNEFND
FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Óskinn Hauvarðsson
Dingur Bj. Johannsson
Amikarsson
Vignar Jónsson
Ólafur Þjörvason